

28
20. júní

L Ö G

um

viðauka við lög nr. 33, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stjórn lífeyrissjóðsins er heimilt með samþykki fjármálaráðherra að veita barnakennurum, sem áttu rjett til styrks úr styrktarsjóði barnakennara eftir lögum 9. júlí 1909, árlegan styrk úr sjóðnum, alt að 600 kr. á ári, eftir þörfum þeirra. Styrk þennan má þó því aðeins veita, að kennarinn hafi verið leystur frá starfi sínu sökum elli eða vanheilsu, enda fari styrkurinn, að viðbættum lífeyri hans samkvæmt lögum nr. 33, 27. júní 1921, eigi fram úr 800 krónum.

Með sömu skilyrðum má og veita ekkjum barnakennara lífeyri úr sjóðnum, alt að 300 kr. á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.